

Alþingi
Erindi nr. Þ
komudagur

Nefndasvið Alþingis
heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2007
SLB/ÁBS/KG/012/07

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og fl. lögum, 195. mál.

Vísað er til óskar heilbrigðisnefndar um umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og fl. lögum, 195. mál.

Tryggingastofnun vill vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

1. Kostnaðarmat. Í kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu segir m.a.:
„Í meginatriðum felur frumvarpið fyrst og fremst í sér orðalagsbreytingar sem tengdar eru flutningi málaflokka á milli ráðuneyta og er því ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði við framkvæmd verkefna heldur eingöngu færslu fjárheimilda á milli ráðuneyta”.
Tryggingastofnun telur þetta ekki alls kostar rétt mat. Ljóst er að viðamiklar breytingar verða á rekstri Tryggingastofnunar á næsta ári verði frumvarpið að lögum. Slíkar breytingar hljóta að kalla á aukið vinnuframlag starfsmanna og þó svo að þjónustusamningur yrði gerður við Tryggingastofnun um að sinna áfram greiðslum vegna sjúkratrygginga eins og rætt hefur verið um þá muni óhjákvæmilega koma til einhvers kostnaðar vegna breytinga á tölvukerfum. Verði niðurstaðan sú að sjúkratryggingar verði algerlega færðar frá Tryggingastofnun má búast við verulegum kostnaði vegna nýsmíði tölvukerfa.
2. 11. gr. frv. hljóðar svo:
Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra” í 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: Ráðherra.
Vakin er athygli á að hvergi í lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð kemur fram hver fari með yfirstjórn þessa málaflokks. Þar sem gera má ráð fyrir að félags- og tryggingamálaráðherra fari með yfirstjórn málaflokksins frá og með næstu áramótum gæti verið ástæða til að breyta 3. mgr. 1. gr. þeirra laga, sbr. orðalag nýrrar 2. gr. almannatryggingalaga.
3. Í almennum athugasemdum með frv. kemur m.a. eftirfarandi fram:
A. „Lögð verður áhersla á að tryggja réttindi starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins við þær breytingar sem kveðið er á um í frumvarpi þessu”.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS



B. „Tryggt er að þeir aðilar sem skipta við stofnunina daglega muni ekki finna fyrir breytingunum fyrst um sinn þótt þeir ættu að gera það í framtíðinni með bættri þjónustu”.

Tryggingastofnun fagnar báðum þessum athugasemdum. Afar mikilvægt er að standa þannig að fyrirhuguðum breytingum að starfsmenn finni fyrir sem minnstum kvíða og óöryggi. Yfirstjórn stofnunarinnar hefur lagt áherslu á þetta og hefur því lagt sig fram um að upplýsa starfsmenn um framgang undirbúningsins eftir því sem hún hefur haft tæk á. Rekstur stofnunarinnar hefur á undanförunum árum verið þungur vegna mikils álags og fjárhagsramminn er afar þröngur. Því hefur þegar reynt mikið á þrek starfsmanna og tryggð við stofnunina. Réttindi starfsmanna til starfsöryggis, óbreyttra kjara og álagsgreiðslna á laun þarf því að tryggja sem og gott upplýsingastreymi til stofnunarinnar um framtíðarskipan starfseminnar.

Þá er afar mikilvægt að þjónustan við viðskiptavinum Tryggingastofnunar líði ekki vegna þessara breytinga, heldur verði tækifærið nýtt til þess að bæta hana. Á þetta hefur verið lögð áhersla af hálfu yfirstjórnar stofnunarinnar sem hefur m.a. bent á að þess þurfi að gæta að viðskiptavinir hennar þurfi ekki að leita á fleiri staði til að fá þjónustu eftir fyrirhugaða breytingu.

Virðingarfyllt,
Tryggingastofnun ríkisins


Sigríður Lilly Baldursdóttir
starfandi forstjóri

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

